

Alþingi
Erindi nr. P 126/2090
komudagur 26. 4. 2001

Nefndasvið Alþingis
Sigrún Brynja Einarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 24. apríl 2001.

Frumvarp til laga um opinber innkaup. 126. löggjafarþing 2000–2001. Þskj. 1048 — 670. mál,

og

Frumvarp til laga um skipan opinberra framkvæmda. 126. löggjafarþing 2000–2001. Þskj. 1049 — 671. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur fjallað um ofangreind frumvörp og lætur í té eftirfarandi umsögn um þau sameiginlega:

Laganefnd telur hvort tveggja frumvarpið vera vel úr garði gert og gerir engar efnislegar athugasemdir við þau. Rétt þykir þó að benda á, að ritvilla virðist vera í 78. gr. frumvarps til laga um opinber innkaup, þar sem tilvísun í lokamálslið 1. mgr. í 79. og 80. gr. virðist með réttu eiga að vera í 80. og 81. gr. Einnig er bent á, að 81. gr. frumvarpsins ber yfirskriftina "Úrræði kærunefndar útboðsmála", en staðreynd er, að 80. grein þess felur jafnframt í sér úrræði kærunefndar, sbr. yfirskrift greinarinnar "Stöðvun samningsgerðar um stundarsakir". Til þess að samræmis sé gætt telur laganefnd betur fara, að yfirskrift hvorrar tveggja greinanna beri með sér að um úrræði kærunefndar sé í þeim fjallað, þannig að yfirskrift 80. greinar verði "Úrræði kærunefndar útboðsmála til bráðabirgða" og að yfirskrift 81. gr. verði "Efnisleg úrræði kærunefndar útboðsmála", eða sambærilegt orðalag að efni til.

Með þessum lagfæringum mælir laganefnd með lögfestingu frumvarpsins um opinber innkaup og mælir jafnframt með lögfestingu frumvarps til laga um skipan opinberra framkvæmda.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands

Jakob R. Möller, hrl., formaður